

Beiðni um að umboðsmaður skuldara annist milligöngu vegna breytinga á samningi um greiðsluaðlögun

Skuldari getur krafist þess að gerðar verði breytingar á skilmálum samnings um greiðsluaðlögun ef á greiðsluaðlögunartímabilinu koma upp ófyrirsjáanlegar aðstæður sem veikja getu hans til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum. **Ekki er unnt að krefjast breytinga á samningi um greiðsluaðlögun fyrr en skuldari hefur fullreynt sjálfur að ná þeim fram með samningum við alla lánardrottna, sbr. 24. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga.** Skuldari getur þó óskað eftir aðstoð embættisins við að ná fram breytingum, ef það er erfðleikum bundið að skuldari annist viðræður við lánardrottna sjálfur.

Ástæður þess að óskað er eftir breytingu á samningi um greiðsluaðlögun, þ.e. þær ófyrirsjáanlegu aðstæður sem veikja getu mína/okkar til að uppfylla skyldur samkvæmt samningnum eru eftirfarandi:

Tillögur að breytingum á samningi um greiðsluaðlögun sem óskað er eftir að umboðsmaður skuldara sendi til kröfuhafa :

Milliganga umboðsmanns skuldara felur í sér að embættið sendir tillögur undirritaðs um breytingu á samningi til allra lánardrottna, með skriflegum erindum ýmist á tiltekin netföng ætluð til móttöku slíkra beiðna, eða í pósti á heimilisföng lánardrottna. Embættið mun fyrir hönd undirritaðs móttaka svör frá lánardrottnum og upplýsa undirritaðan um þau. Að höfðu samráði við undirritaðan getur embættið leitast við að fá lánardrottin til að endurskoða afstöðu sína, eftir atvikum með því að gera breytingar á tillögum undirritaðs, sem sendar eru til lánardrottna á nýjan leik. Að loknum viðræðum mun embættið upplýsa undirritaðan um niðurstöðuna. Undirrituðum er þá heimilt að senda embættinu skriflegt erindi með kröfu um breytingu á samningi um greiðsluaðlögun, hvort sem samkomulag hefur náðst við lánardrottina eða ekki.

Framangreind milliganga umboðsmanns skuldara felur ekki sér að embættið muni samþykkja breytingar á samningi um greiðsluaðlögun. Nái skuldari samkomulagi við alla kröfuhafa skal það lagt fyrir umboðsmann skuldara og taka breytingarnar ekki gildi fyrr en umboðsmaður skuldara hefur samþykkt þær, sbr. 3. mgr. 24. gr. Ekki er unnt að líta svo á að samkomulag hafi náðst nema samþykki allra kröfuhafa liggi fyrir. Ef umboðsmaður skuldara telur breytingarnar ósanngjarnar eða óhæfilegar mun hann hafna þeim.

Ef skuldari nær ekki samningi við kröfuhafa sína um breytingu getur hann krafist þess að umboðsmaður skuldara staðfesti breytingartillögu hans, sbr. 1. mgr. 26. gr. Ige. Skilyrði þess að umboðsmaður skuldara geti samþykkt kröfu um breytingu eru að á greiðsluaðlögunartímabilinu hafi komið upp ófyrirsjáanlegar aðstæður sem veikt hafa getu viðkomandi til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum. Umboðsmaður skuldara tekur ákvörðun innan mánaðar frá því að krafa berst um breytingu. Ákvörðun umboðsmanns skuldara getur skuldari eða lánardrottinn kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan tveggja vikna frá því að ákvörðun umboðsmanns berst þeim.

Náist samkomulag óskar undirritaður eftir því að umboðsmaður skuldara samþykki breytingarnar, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Undirrituðum er heimilt að afturkalla beiðni þessa og annast sjálfur viðræður við lánardrottina til að ná fram samkomulagi um breytingu á samningi um greiðsluaðlögun.

Undirritaður staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér hvað felst í beiðni þessari. Þá staðfestir undirritaður með undirskrift sinni að vera samþykkur þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað og vera kunnugt um tilgang hennar og framkvæmd.

Staður, dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Kennitala

Undirskrift umsækjanda

Kennitala